



Reykjavík, 24. júní 2021

R21060196

6631

ívs

Umhverfis- og skipulagssvið

Borgartúni 12-14
105 REYKJAVÍK

Breiðholt I - Bakkar - breyting á deiliskipulagi vegna Arnarbakka

Á fundi borgarráðs þann 24. júní 2021 var lagt fram bréf umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 23. júní 2021, sbr. samþykkt skipulags- og samgönguráðs frá 23. júní 2021 á auglýsingu á tillögu að breytingu á deiliskipulagi fyrir svæði I í Breiðholti vegna Arnarbakka, ásamt fylgiskjölum.

Borgarráð samþykkti erindið.

Borgarráðsfulltrúuar Sjálfstæðisflokkssins sátu hjá við afgreiðslu málsins.

Borgarráðsfulltrúuar Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna lögðu fram svohljóðandi bókun:

Í Arnarbakka er fyrirhugað að reisa um 90 íbúðir, jafnt námsmannaíbúðir sem almennar íbúðir í þremur fjölbýlishúsum. Áfram verður gert ráð fyrir þjónustu og verslun á jarðhæð sem mun eflast með fleiri íbúum í nágrenninu. Að auki er ráðgert að koma fyrir matjurtagarði í glerhúsum til almennra nota á svæðinu. Mikilvægt er að huga að því að hjólastæði séu staðsett sem mest á jarðhæðum og við innganga til að tryggja gott aðgengi.

Borgarráðsfulltrúuar Sjálfstæðisflokkssins lögðu fram svohljóðandi bókun:

Borgin keypti gamlan verslunar- og þjónustukjarna við Arnarbakka fyrir þremur árum síðan fyrir hálfan milljarð króna og stóð þá til að „efla hverfiskjarnann við Arnarbakka, bæta þjónustu og standa að samfélagslegri uppbyggingu á reitnum.“ Steft var að því að „úrsérgengnir verslunarkjarnar yrðu endurlífgaðir“. Lítið hefur gerst á kjörtímabilinu í þessum efnum. Nú stendur til að rífa þjónustukjarnann sem keyptur var og byggja fjölbýlishús í staðinn. Þó mikil þörf sé fyrir íbúðir í borginni skýtur það skökku við að fallið sé frá upphaflegum áformum um að endurlífga verslunar- þjónustukjarnann og leggja þess í stað höfuðáherslu á íbúðablokkir.

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins lagði fram svohljóðandi bókun:

Taka má undir að Arnarbakki 2 og 4 hafi lítið varðveislugildi. Nýta má svæðið mun betur en nú er gert. Almenningssvæði á jarðhæðum og íbúðir á efri hæðum er ágæt stefna en framtíðarspár um umferð verða að vera raunhæfar. Sagt er að aðkoma að Arnarbakka 2 og 4 sé góð og áfram verði hægt að keyra snúningssvæðið við Breiðholtsskóla. Þetta er hæpin fullyrðing því að við uppbyggingu íbúða mun umferð vaxa, (65 stúdentaíbúðir, + 25 venjulegar íbúðir + athafnasvæði í neðstu hæðum) meðfram Breiðholtsskóla. Í gögnum er áætlað að bílferðum fækki um 15% sem er ekki raunhæft. Allsendis óvist er hvort deilibílanotkun nái flugi hér eins og í erlendum borgum. Einnig er sagt að árið 2019 hafi hlutfall bílferða verið 74%, hjóreiða 5%, gangandi 14%, almenningssamgangna 5% og annars 2%. Með því að fækka bílferðum um 15% fyrir 2040 er áætlað að hlutfall gangandi og hjólandi verði 25%. Er ekki verið að ofáætla hér? Byrja þarf á réttum enda t.d. byrja á að gera göngu- og hjólastíga þannig að þeir beri umferð fleiri farartækja og sjá hvort það dragi úr bílanotkun. Ef það gengur vel er alltaf hægt að fækka bílastæðum eftir á.



Helga Björk Laxdal

e.u.